

Fundargerð 158. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 02. september 2020, kl. 09.00, haldin á skrifstofu Isavia á Reykjavíkurflugvelli.

Mættir: Steinunn Sigvaldadóttir, stjórnarformaður,
Ísak Ernir Kristinsson stjórnarmaður,
Elín Árnadóttir, stjórnarmaður,
Reynir Sævarsson, stjórnarmaður,
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.
Max Hirsh kom inn á fund stjórnar undir lið nr. 2 í gegnum Teams
fjarfundarbúnað.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borinn upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Greiningarvinna – drög.*

Framkvæmdastjóri fór yfir vinnu Alta og Max Hirsh um forsendugreiningu fyrir stefnumótun þróunarsvæðis Keflavíkurflugvallar.

Max Hirsh kom á fundinn undir þessum lið og kynnti fyrir stjórn forsendugreininguna. Stjórn þakkaði Max fyrir. Umræður.

Max yfirgaf fundinn.

Framkvæmdastjóri sagði að verið sé að taka skref í átt sem ekki hefur verið farin áður. Þarft að aðilar samkomulagsins séu allir á einu máli um framhald verkefnisins og að Kadeco verði leiðandi aðilinn í verkefninu. Lagt var til að haldið yrði vinnustofa með hagaðilum fljótlega og stjórn tók undir það.

Framkvæmdastjóri lagði einnig fram tilboð og samninga sem gerðir voru við Alta og Max Hirsh vegna þessarar vinnu. Stjórn samþykkti upphæðir vegna þeirra samninga sem fram voru lagðir.

3. *Samráðsáætlun vegna greiningarvinnu*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn samráðsáætlun vegna greiningarvinnu fyrir stefnumótun þróunarsvæðis Keflavíkurflugvallar. Umræður.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

4. *Þjónustusamningur*

Stjórnarformaður lagði fram drög að þjónustusamningi. Umræður.

5. *Rekstarupplýsingar og hliðaráætlun.*

Framkvæmdastjóri lagði fram rekstar- og hliðaráætlun fyrir stjórn.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

6. *Heimasíða og verkefnavefur.*

Framkvæmdastjóri sýndi drög að nýrri heimasíðu og verkefnavef í tengslum við þróunarverkefnið. Stjórn tók vel í breytingarnar.

7. *Önnur mál.*

Úthlutun lóða.

Umræða um mikilvægi þess að hafa opið, gegnsætt ferli við úthlutun lóða ríkisins.

Engin önnur mál voru borin upp undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.20.

Undirritunarsíða

Anna Steinunn Jónasdóttir

158. fundargerð Kadeco óskast undirritunar
Steinunn Sigvaldadóttir

158. fundargerð Kadeco óskast undirritunar
Ísak Ernir Kristinsson

158. fundargerð Kadeco óskast undirritunar
Elín Árnadóttir

158. fundargerð Kadeco óskast undirritunar
Einar Jón Pálsson

158. fundargerð Kadeco óskast undirritunar
Reynir Sævarsson